

FRÁ SÖGN

af 26. þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins (BSPC) í Hamborg 3.-5. september 2017.

Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs fóru á ráðstefnuna Brynjar Nielsson og Teitur Björn Einarsson, auk Helga Þorsteinssonar ritara. Sigurður Ingi Jóhannsson sótti hana sem fulltrúi forsætisnefndar Norðurlandaráðs. Ráðstefnan fór fram í ráðhúsi Hamborgar. Helstu viðfangsefni hennar voru lýðræðisleg þátttaka á tímum stafrænnar tækni, vísindi og rannsóknir og sjálfbær ferðamennska.

Carola Veit, forseti BSPC og forseti fylkisþingsins í Hamborg, setti ráðstefnuna og ræddi þær hættur sem steðja að lýðræði í heiminum vegna minnkandi kosningaþátttöku víða um lönd og lítils trausts á stjórnmalámönnum og fjölmiðlum. Sífellt fleiri fá fréttir að miklu leyti af samfélagsmiðlum þar sem menn sjá fyrst og fremst stutt og einföld skilaboð sem falla vel að þeim skoðunum sem þeir hafa fyrir.

Guðmundur Árni Stefánsson sendiherra sagði frá formennsku Íslendinga í Eystrasaltsráðinu 2016-2017, en áherslur hennar voru lýðræði, jafnrétti og réttindi barna. Hann sagði m.a. frá fundi utanríkisráðherra aðildarríkja Eystrasaltsráðsins og fulltrúa Evrópusambandsins sem Íslendingar boðuðu til í júní sl. í Reykjavík. Sá fundur þótti merkur að því leyti að utanríkisráðherrar landanna höfðu þá ekki komið saman í nokkur ár. Jafnframt rifjaði Guðmundur Árni upp fund sem haldinn var í desember 2016 í Norræna húsinu í tilefni af 25 ára afmæli sjálfstæðis Eystrasaltsríkjanna, en hann sóttu m.a. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna og Íslands.

Hans Olsson sendiherra kynnti formennskuáætlun Svía í Eystrasaltsráðinu 2017-2018, en þeir munu leggja áherslu á sjálfbærni og sérstaklega sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna. Hann nefndi einnig að Svíar mundu hafa jafnrétti kynjanna að leiðarljósi í öllu starfi sínu.

Alexander Shishlov, umboðsmaður mannréttinda í Sankti Pétursborg í Rússlandi og fyrrverandi þingmaður, flutti erindi í tengslum við umræðu um lýðræði á tímum stafrænnar tækni. Hann fjallaði m.a. um mikilvægi þess að allir hefðu greiðan aðgang að upplýsingum og hvernig hægt væri að nýta stafræna tækni til að koma í veg fyrir kosningasvindl. Hann sagði að í Rússlandi væri lýðræðisvandinn til dæmis fólgin í veikri stöðu stjórnarandstöðunnar og því að engin raunveruleg skoðanaskipti væru leyfð í fjölmiðlum.

Þýski prófessorinn Jobst Fiedler fjallaði um popúlisma í stjórnmálum og leiðir til að auka traust og áhrif almennings. Hann varaði þó við að litið væri á þjóðaratkvæðagreiðslur sem allsherjarlausn á þessum vanda, þær hefðu marga galla og gætu ekki komið í stað ákvarðana kjörinna þinga.

Á ráðstefnunni var kynnt lokaskýrsla vinnuhóps um sjálfbæra ferðamennsku sem starfað hefur undanfarin tvö ár. Í henni er hvatt til þess að rutt verði burt hindrunum sem standa í vegi

fyrir ferðalögum yfir landamæri á Eystrasaltssvæðinu, að ýtt verði undir sjálfbærar samgöngur og grunnkerfi ferðamennsku, að löndin markaðssetji svæðið sem eina heild og að ungu fólki verði auðveldað að ferðast um svæðið, til dæmis með farmiðum í ferjusiglingar að fyrirmynd interrail-miða í lestir í Evrópu.

Álandseyjar tóku við formennsku í Þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins á fundinum og árleg ráðstefna samtakanna verður næst haldin í Maríuhöfn á Álandseyjum.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefnum www.bspc.net.